

1 gr.

### *Heiti félagsins, heimili og varnarþing*

Félagið heitir Samtök Endurhæfðra Mænuskaddaðra (SEM). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík, starfssvæði er landið allt.

2gr.

### *Tilgangur og markmið*

Markmið félagsins eru að efla sam hjálp mænuskaddaðra, vinna að auknum réttindum þeirra og bættiaðstöðu í þjóðfélaginu, svo sem með því að:

- a) Styðja félagsmenn sína til að afla sér menntunar, bóklegrar eða verklegar.
- b) Aðstoða félagsmenn við að leita sér starfa við hæfi.
- c) Stuðla að því að félagsmenn geti sjálfir komið upp atvinnurekstri.
- d) Efla félagsleg kynni og samheldni félagsmanna.
- e) Vekja athygli sveitarstjórna, ríkisvaldsins, obinberra aðila og almennings á því er betur má fara í húsnaðismálum, atvinnumálum, starfsþjálfun, ferlimálum og öðrum aðbúnaði og réttindamálum félagsmanna.
- f) Vinna að og efla forvarnarstarf.
- g) Hjálpa félagsmönnum að vera eins sjálfsbjarga og mögulegt er í eigin lífi.

3. gr.

### *Félagsaðild*

Félagsmaður getur sá orðið sem hlotið hefur varanlegan mænuskaða

Verði ágreiningur um aðild að félaginu skal boða til félagsfundar innan fjögurra vikna og þess getið ífundarboði. Þetta getur átt við hvort heldur sem er að stjórn hefur synjað um aðild eða að stjórn samþykkt aðild en félagsmanni finnst ólög mæt. Niðurstaða félagsfundar er bindandi.

Félagsmenn skulu greiða félagsgjald eins og það er ákveðið á aðalfundi ár hvert. Þó er stjórn félagsins heimilt að fella niður skyldur einstakra félagsmanna til greiðslu árgjalds eitt ár í senn ef fjárhagsaðstæður viðkomandikrefjast þess. Ævifélagi getur hver sá orðið sem greiðir tuttugfalt félagsgjald í eitt skipti fyrir öll.

Aukafélagi getur hver sá orðið sem vill vinna að markmiðum félagsins. Aukafélagi hefur eingöngu málfrelsi og tillögurétt. Aukafélagi er kjörgengur í nefndir og ráð félagsins en ekki í aðalstjórn eða á þing sem félagið sendir fulltrúa á.

Aukafélagi greiðir félagsgjöld eins og hver annar félagsmaður

Félagsmanni eða aukafélaga má víkja úr félaginu með fundarsamþykkt, ef hann verður sannur að sök um að hafa unnið gegn hagsmunum þess eða markmiðum. Máli sínu getur félagsmaður eða aukafélagi þó ávallt skotið til næsta félagsfundar sem fellir fullnaðarúrskurð.

Uppfylli félagsmaður ekki lengur skilyrði fyrir inngöngu í félagið getur stjórn afturkallað félagsaðild hans.

4. gr.

### *Aðildarfélög*

Félagið getur orðið aðili að öllum þeim heildarsamtökum sem vinna að framgangi baráttu- og hagsmunamálum félagsins á einn eða annan hátt, enda sé slík aðild samþykkt á almennum félagsfundisem boðaður er samkvæmt samþykktum þessum. Í fundarboði skal koma fram dagskrá slíks fundar. Ásama hátt getur félagið orðið félagi að stofnunum, fyrirtækjum eða félgsskap sem vinnur að einstökumhagsmunarmálum mænuskaddaðra.

5. gr.

### *Almennir félagsfundir*

Til almennra félagsfunda skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Félagshundi skal halda ef stjórnfélagsins telur ástæðu til. Einnig geta félagsmenn óskað eftir slíkum fundi og skulu þær óskir sendarskriflega til stjórnar félagsins.

Óski 10% félagsmanna eftir félagsfundi er stjórn félagsins skylt að verða við slíkri ósk. Skal stjórn sendaút fundarboð með dagskrá fundarins innan 14 daga frá því að ósk um fund barst stjórninni.

Um rétt til fundarsetu, kosningarétt og atkvæðagreiðslur á félagsfundi gilda ákvæði 3. mgr. 7. gr. samþykktu þessara. Að auki getur stjórn félagsins ákveðið að heimila öðrum setu á félagsfundi af málefnalegum ástæðum.

6. gr.

### *Reikningsár*

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund tilsamþykktar.

7. gr.

### *Aðalfundur*

Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar með minnst mánaðar fyrirvara. Aðalfundir skulu haldnir fyrir lok júní á hverju ári. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins og tillögur um breytingar á samþykktum félagsins ef einhverjar eru. Óski félagsmenn eftir að teknar verði til afgreiðslu breytingar á samþykktum félagsins skulu slíkar tillögur hafa borist skriflega til stjórnar eigi síðar en 1. Apríl.

Rétt til fundarsetu hafa félagsmenn og aukafélagar. Eingöngu skuldlausir félagsmenn á árgjaldi starfsárs félagsins hafa kosningarétt og skulu þeir allir hafa jafnan atkvæðisrétt, aðrir hafa málfrelsi

og tillögurétt. Einfaldur meirihluti félagsmanna við atkvæðagreiðslur ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jafnt skal hlutkesti ráða. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn SEM , stjórn H.SEM , fjáröflunarnefnd, ritnefnd og orlofshúsanefnd. Aðtillögu stjórnar getur aðalfundur ákveðið hvaða fleiri fastanefndir skuli kosið í og kýs þá fundurinn þær. Fjáröflunarnefnd og ritnefnd heyra undir stjórn SEM og geta engar bindandi ákvarðanir tekið nema stjórn SEM eða félagsfundur hafi samþykkt þær.

Fastir liðir á dagskrá aðalfundar eru:

- a) Skýrsla félagsstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
- b) Skýrsla stjórnar H-SEM.
- c) Skýrslur annara nefnda eða fulltrúa félagsins.
- d) Endurskoðaðir reikningar félagsins.
- e) Reikningar H-SEM lagðir fram til kynningar .
- f) Árgjald félagsins ákveðið.
- g) Lagabreytingar.
- h) Kosning stjórnarmanna fyrir þá sem lokið hafa setu í stjórn.
- i) Kosning fulltrúa í H-SEM fyrir þá sem lokið hafa kjörtímabili.
- j) Kosning fulltrúa í aðastjórn Öbi og 2 varamenn.
- k) Kosning í fulltrúaráð Öbi 2 fulltrúar og 2 til vara.
- l) Kosning endurskoðenda.
- m) Kosning í orlofshúsanefnd.
- n) Kosning fjáröflunarnefndar.
- o) Kosning ritnefndar.
- p) Kosning annara nefnda.
- q) Önnur mál.
- r) Starfstilhögun nýkjörinnar stjórnar.

8. gr.

*Stjórn félagsins*

Stjórnina skipa formaður ritari, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur. Formaður er kosinn á hverjum aðalfundi, en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára, þannig að annað árið sé kosinn ritari og tveir Meðstórnendur en hitt árið gjaldkeri og tveir Meðstórnendur. Þar að auki skulu vera kosnir tveir varamenn í stjórn til eins árs.

Kjörgengir til stjórnar SEM eru félagsmenn með atkvæðisrétt.

9. gr.

### *Stjórn H-SEM*

Stjórnina skipa fimm stjórnarmenn og þrír varamenn. Kjörtímabil er tvö ár, annað árið skal kjósa tvo aðalmenn og tvo til vara. Hitt árið þrjáaðalmenn og einn til vara. Formaður SEM skal ávallt vera jafnframt varaformaður H-SEM. Stjórn H-SEM skal starfa eftir skipulagsskrá húsnæðisfélagsins, stjórn H-SEM skiptir með sér verkum. A.m.k. einn stjórnarmaður í H-SEM skal vera félagsmaður sem ekki býr í húsnæði í eigu H-SEM.

Kjörgengir til stjórnar H-SEM eru félagsmenn með atkvæðisrétt.

10. gr.

### *Hlutverk stjórnar*

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins á milli félagsfunda. Til þess að skuldbinda félagið þarf undirskrift tveggja stjórnarmanna þess. Til allra meiri háttar ákvarðana um rekstur eða starfsemi félagsins þarf þó samþykki félagsfundar. Stjórn félagsins er heimilt að ráða starfsmenn til fastra eða tímabundinna verkefna. Sé um fast starf eða starf sem útheimtir mikinn launakostnað skal það lagt fyrir bfélagsfund til samþykkis. Nefndum félagsins ber að leita samþykkis stjórnar SEM vegna hverskonarráðningar eða ráðningasamninga. Hvort sem er vegna tímabundinna verkefna eða til langframa.

11. gr.

### *Lagabreytingar og slit félagsins*

Til þess að breyta lögum þessum þarf að ræða og samþykkja breytingartillögurnar á tveimur fundum íröð og verður annar þeirra að vera aðalfundur. Breytingartillögurnar verður að auglýsa sérstaklega fyrir aðalfundinn. Til venjulegra lagabreytinga þarf einfaldan meirihluta atkvæða en til að slíta félaginu eðasameina það öðrum félagsskap þarf 2/3 hluta atkvæða á báðum fundum sem taka slíka tillögu tilmeðferðar.

Hafi verið samþykkt að slíta félaginu skulu eignir þess ef einhverjar eru afhentar til varðveislu Öryrkjabandalagi Íslands er skal annast þær þar til annað félag með sama starfsgrundvelli er stofnað. Við stofnun slíks félags er skylt að afhenda eignirnar til fullra afnota.

12. gr.

### *Gildistaka*

Lög þessi öðlast þegar gildi.